

Evrópa Lurki lamin

Það er kalt og dýrt umhorfs í Evrópu um þessar mundir eins og var á Íslandi, þegar fólk þreyði þorra og góu með hor í nös. Þá ríkti einu sinni Lurkur. Vonandi mun þó ekki rigna kýrhausum og klakatorfi eins og elstu kerlingar muna að hafi gerst.

Dýrtíðin er óskapleg, hroll setur að fólki, og kaupmáttur launa lækkar. Á meginlandinu mun allt loga í verkföllum eins og á Íslandi. Sífelld færri trúa því, að Pútín, skratta bæði og særingamanni, sé fyrst og fremst um að kenna, heldur vitfirrtum stjórnvöldum Vesturlanda, sem hófu viðskiptastríð gegn Rússlandi, fóru í heilaga lýðræðisfýlu og strengdu þess heit að kaupa ekki ódýrt gas. Víðs vegar í Evrópu mótmælir almenningur. RÚV finnst það ekki fréttæmt.

Þrátt fyrir heitstrengingar og heróp skjaldmeyja á borð við Úrsúlu, Þórdísi Kolbrúnu og Önnulenu, fagurgræns Rússahatara og utanríkisráðherra þýskra, miðar Úkraínustríðinu heldur hægt, en þar skal berjast til síðasta drengnokka. Rússar búa sig undir og eru komnir vel áleiðis með að gereyða Úkraínu, samkvæmt bandarískum innrásarsíðum.

Íbúar Úkraínu stynja og þjást, gráta og gnístra tönnum. En yfirvöld þeirra safna auði með augum rauð og segja þeim að flýja. Margir munu vafalítið koma til Íslands. Þeir vita sem er, að Íslendingar eru raungóðir og flytja jafnvel hunda þeirra og ketti í þar til gerðum loftförum. Þeir fylgjast með forsætisráðherra vorum, Katrínu, sem ekkert aamt má sjá, og á nóga peninga í skjóðu sinni.

Þórdís Kolbrún og Annalena hvetja til kvenfrelsunarbaráttu gegn Íran. Í herópinu felst utanríkisstefna Íslendinga í hnotskurn: „Fyrir konur, lífið og frelsið.“ (Samkvæmt ræðu Þórdísar Kolbrúnar á aukafundi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 22. feb. 2022 – sem hún boðaði til ásamt nefndri stöllu sinni.) Vinir þeirra í Ísrael vilja hins vegar vígtóla stríð við Íran.

Skærur aukast innan Nató. Flugskeyti var skotið á Miklagarð (Istanbul) af hernumdu svæði Bandaríkjamanna í Sýrlandi. Tyrkir fnæstu við samúðarkveðjum þeirra og sendu eldflaugar í staðinn, minnugir tilburða Leyniþjónustu Bandaríkjanna til að steypa tyrkneskum stjórnvöldum af stóli.

Bretar og Bandaríkjamenn hafa eyðilagt enn eina gasleiðsluna til Evrópu. Þær síðustu í eigu Þjóðverja, Hollendinga og Frakka – ásamt Rússum. Volodymyr liggur undir gruni um tilburði til að eyðileggja gasleiðslu Tyrkja og Rússa og lýgur að samherjum sínum í

Nató og Evrópusambandinu, skýtur eldflaugum á fjandvini sína, Pólverja. En þeir afþakka aftur á móti Patriot eldflaugar frá þýskum vinum sínum.

Tyrkir eru eins og oft áður, tvöfaldir í roðinu. Tryknesku refirnir eiga samstarf austur á bóginn um flutning á gasi og vilja gerast helsta gasdreifingarstöð ríkjanna í Evróasíu, löndum Kákasus, til Evrópu, og jafnvel víðar um veröldu. Þeir taka að einhverju leyti þátt í viðskiptastríðinu gegn Rússum, en styrkja samtímis tengsl sín við þá, Kínverja og Írani, gæla meira að segja við þá hugmynd að taka þátt í hinu nýja fleirþjóðasamstarfi, sem kallað er BRICS (Brasilía, Rússlandi, Indland, Kínverja og Suður-Afríka). Fleiri eru á biðlista.)

Vestur-Evrópa, þ.m.t. stríðsríkið, Ísland, verður utanveltu í BRICS. Færeyingar sleppa trúlega með skrekkinn, enda semja þeir við Rússa. Vinsældir Evrópuþjóða og Nató á erlendri grundu dvína, heljartak þeirra slaknar. Indverjar fara í skaðabótamál við Bill Gates og lyfjarisana hans.

Mali hefur fengið nóg af frönskum „góðagjörða- og mannræktarsjóðum,“ sem sumir hverra voru stofnaðir til að hlutast til um stjórnsmál fyrrum nýlenduríkja.

Íranir bera sig illa undan sambærilegum „lýðræðisútflutnings- og frelsunarsjóðum“ Natóríkja eins og þeim, sem nú valda usla í Íran. Svo gæti farið, að þeir fnæstu líka að auðkýfingum eins og Bill Gates og George Soros, úr tæpra fjörutíu manna „stjórnarráði“ Alheimsefnahagsráðsins.

Mannréttindaákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna beita Natóríkin einnig í stjórnsmálahernaði eins og Íslendingar og Þjóðverjar nú gegn Írönum. „Mannréttindi“ eru beitt vopn. Ákvæðið var barið saman undir forystu Bandaríkjanna á sínum tíma. Sjálf Anna Eleanor Roosevelt (1884-1962) var þar að verki. Kröfur kvenfrelsaranna eru nú talin mannréttindi.

Evrópskir og bandarískir alheimssinnar, sem ærast af sjálfumgleði og hrifningu, þegar þeir horfa í spegil, strjúka Volodymyr um vangann og munda Alþjóðadómstól sinn til árásar á Rússa. Þeir segja að Guð sjálfur sé dauður og grafinn, að Klaus Schawb og ráðgjafi hans, Yuval Noah Harari, hafi tekið við hlutverkinu.

Bill hefur krýnt sjálfan sig covid-kóng eins og Loðvík forðum konung Frakka. Hann glottir við tönn eins og Skarphéðinn í brennunni, meðan þegnar hans hrynja niður bráðkvaddir eða verða óvígir sökum aukaverkana af bóluefnum hans.

Lýðir Evrópu beina reiði sinni að eigin stjórnvöldum, sem greiddu fyrir samanteknum ráðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og „aðaleiganda“ hennar, Bill, og Kínverja,

þegar stofnað var til covid-hamfara. „Bólusetja skal alla heimsbyggðina,“ sagði Bill og vikaþingur hans hjá stofnuninni tók undir.

Úrsúla og Albert Bourla, forstjóri Pfizer, föðmuðust vel og lengi. „Úr brjóstum“ Úrsúlu streymdu síðan milljarðar á milljarða ofan úr vösum skattgreiðenda. Lyfjafyrirtækin buðu til teitis býflugnaborgara og glóðarsteikta ánamaðka á boðstólnum. Bill hélt opinberan fyrirlestur um það, hvernig mætti græða á lyfjaframleiðslu.

Alma og Guðrún, svo og kvenskörungarnir í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, eru hundtryggar Bólusetninga-Bill, og hvetja fólk til frekari örvunar af sprautum þeirra. Það gerir líka Ingvild Kjerkol, heilbrigðisráðherra Noregs, en hún ætlar ekki frekar en Bill sjálfur og forstjórar Pfizer að láta sprauta sig.

Lyfjafyrirtækin eiga einnig tryggan viðskiptavin í Katrínu Jakobsdóttur. Í upphafi bólusetningavertíðarinnar fór hún bónleiðina að Úrsúlu og bað um meira af bóluefnum handa covid-hnípinni þjóð sinni og talaði um nauðsyn þess að frelsa konurnar undan eitruðum karlmönnum og börnin undan eitruðum feðrum sínum.

Það má vart á milli sjá, hvor þeirra, Þordís Kolbrún eða Katrín, sé ákafari boðberi íslenskrar utanríkisstefnu, sem er samhljóma stefnu Alþjóðaefnahagsráðsins og markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Já! Það eru svo sannarlega viðsjár og væringar í Vestur-Evrópu. Stjórnvöld grafa henni gröf. Blessuð sé minning álfunnar, þar sem atvinnuvegirnir tapa fluginu einn af öðrum.

Madame Anne Louise Germain de Stael (1766-1817) sagði: „Leitin að sannleikanum er göfugasti gjörningur mannsins. Birting hans er skyld hvers manns.“

Minnugur orða hennar, ætla ég að skjótast á Bankastræti klöbb og lyfta mér upp.

https://www.youtube.com/watch?v=91mY59RdM_M

https://korybko.substack.com/p/the-us-hybrid-war-on-turkiye-just?utm_source=profile&utm_medium=reader2

<https://www.youtube.com/watch?v=Ko6i7lyKNoY>

<https://www.facebook.com/109949178473697/videos/929542778025674>

<http://www.informationclearinghouse.info/57366.htm>

https://korybko.substack.com/p/malis-banning-of-all-french-funded?utm_source=profile&utm_medium=reader2

<http://www.informationclearinghouse.info/57363.htm>

<https://www.politico.com/newsletters/national-security-daily/2022/11/22/u-s-and-russia-cant-stop-turkeys-new-syria-incursion-00070431>

<https://www.lifesitenews.com/news/died-suddenly-documentary-shining-light-on-fibrous-clots-goes-viral/>

<http://www.informationclearinghouse.info/57362.htm>

<https://www.europereloaded.com/french-billionaire-talks-to-stew-peters-appeals-to-donald-trump/>

<https://expose-news.com/2022/11/25/fusion-of-physical-digital-and-biological-identities-schwab/>

https://korybko.substack.com/p/a-top-indian-financial-portal-made?utm_source=profile&utm_medium=reader2

https://steigan.no/2022/11/ trashed-2/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2022/11/har-massevaksineringen-vaert-katastrofal/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2022/11/25/modern-psychological-and-spiritual-warfare-1/>

<https://labornotes.org/2022/11/strike-wave-rocks-britain-unions-confront-cost-living-crisis>

<https://www.youtube.com/watch?v=qLLyNzQylxg>

<https://www.economist.com/leaders/2022/11/24/europe-faces-an-enduring-crisis-of-energy-and-geopolitics>